

2. gr.

8. tölul. 13. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990 og 3. gr. auglýsingar nr. 103/1997, um staðfestingar reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, fellur brott.

3. gr.

Á eftir orðinu „Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunina (OECD)“ í 2. tölul. 15. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990 og 1. gr. auglýsingar nr. 14/1994, sbr. ennfreður 1. gr. auglýsingar nr. 116/1996, um staðfestingar reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, komi: Norræna fjárfestingarbankann (NIB).

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi við birtingu auglýsingar um staðfestingu hennar.

Forsætisráðuneytinu, 28. maí 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 8. júní 1999.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 8. júní 1999, kl. 13.30.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett í Alþingishúsinu.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.